



SVAR

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Magnús Sigurðsson, deildarstjóri rekstrarþjónustu stjórnsýsluhúsa

Efni: Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um matarsóun í mótuneytum Ráðhúss og Höfðatorgs

Á fundi borgarráðs þann 31. ágúst 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 32. lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar frekari upplýsinga um það sem fram kom í svari Þjónustu- og nýsköpunarsviðs (ÞON) við spurningu Flokks fólksins um matarsóun í mótuneytum Ráðhússins og Borgartúni. Í svarinu kemur fram að afgangi sem ekki hefur tekist að nýta er seldur áfram til bænda sem nýta þá í fóður. Segir ennfremur í svarinu að “með því er nýting aðfanga háværkuð, og magn lífræns úrgangs lágmarkað, eins og frekast er kostur”. Svar þetta bendir til þess að hér sé um öllu alvarlegra mál að ræða en fyrirspyrjandi gerði ráð fyrir vegna þess að það er óheimilt að senda matarafganga aftur til bænda sem fóður fyrir búfé. Slíkt er talið allt of áhættusamt gagnvart útbreiðslu sjúkdóma og hringrásar smitefnis. Hér er greinilega um talsvert magn að ræða því varla eru bændur að kaupa eina og eina fötu af matarafgöngum. Fulltrúi Flokks fólksins fer fram á nánari skýringu á svari ÞON við þessari spurningu en svarið var lagt fram fundi borgarráðs 13.7.2023. Óskað er einnig eftir að vita nánar um afdrif matarafgangna í mótuneytum borgarinnar sem seldir eru bændum eins og segir í svari.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs með bréfi dagsettu þann 6. september 2023.

Svar:

Áheyrnarfulltrúi flokks fólksins bendir réttilega á í fyrirspurn sinni að óheimilt sé að nýta eldhúsúrgang sem fóður fyrir búfé, hvort sem um er að ræða mat úr plöntu- eða dýraríkinu, sbr. lög nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og reglugerð nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis.

Tilgangur þeirra reglna er að koma í veg fyrir að smit geti borist í dýr með smituðu dýrapróteini. Hið sama á við um matvæli úr plönturíkinu sem koma úr eldhúsum, vegna hættu á krossmengun úr kjöti eða kjötsafa úr eldhúsi. Á það við um hvort tveggja hráar og eldaðar matvörur.



Undanþága frá þessu er veitt í 1. mgr. b-liðs 7. gr. laganna, sem tilgreinir að einungis sé „heimilt að nota slík dýraprótein til að framleiða fóður fyrir loðdýr, gæludýr og önnur dýr sem ekki eru alin til manneldis” að uppfylltum skilyrðum um efnasamsetningu, framleiðsluaðferðir, geymslu, flutning, og að aðrar sérkröfur vegna þessara aukaafurðua séu í samræmi við ákvæði reglugerðar.

Í samkeppnisviðræðum nr. 14715 sem voru undanfari samnings um mótuneytisþjónustu í stjórnsluhúsum Reykjavíkurborgar lagði rekstraraðili fram greinargerð um hvernig tilboð þeirra stæðist markmið og þarfir borgarinnar m.a. hvað varðar helstu áherslur í matargerð, kolefnisspor máltíða og matarsóun. Fram kemur í greinargerðinni að rekstraraðili hafi verið í samstarfi við minnkabónda um að nýta matarafganga í fóður. Rekstraraðili hefur staðfest skriflega þann 10. september 2023 að það fyrirkomulag sé óbreytt, sem og að um sé að ræða tæmandi útlistun á fyrirkomulagi um nýtingu matarafgangna í fóður.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Magnús Sigurðsson,
deildarstjóri rekstrarþjónustu stjórnsluhúsa